

FUNDARGERÐ SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS, HÚNAÞINGS VESTRA.

267. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 4. maí 2016 kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Fundinn sátu:

Pétur Arnarsson, Guðjón Loftsson, Hallfríður Ósk Ólafsdóttir, Árborg Ragnarsdóttir og Ragnar Smári Helgason

Byggingarfulltrúi: Ólafur Jakobsson

Fundarritari: Pétur Arnarsson

Dagskrá:

1. Breyting á aðalskipulagi við Norðurbraut, vestan sláturhúss. Aðalskipulagsdrög lögð fram og umsagnir kynntar.
2. **Mál nr. 1605002.** Umsókn um leyfi til að breyta flokkun húsnæðisins að Eyrarland 1 .
3. **Mál nr. 1605003.** Umsókn um skiptingu húsnæðis milli óskyldra aðila, setja nýjar aksturs- og göngudyr ásamt breytingum innanhúss.
4. **Mál nr. 1507015.** Innkomnar breyttar teikningar af nýju fjósi að Sólbakka.
5. **Mál nr. 1605005.** Umsókn um að byggja við og breyta íbúðarhúsinu að Húnaþingi 4.
6. **Mál nr. 0909032.** Innkomnar breyttar teikningar af íbúðarhúsi, Ytri Árbakka.
7. **Mál nr. 1605009.** Umsókn um leyfi til að reisa viðbyggingu við fjárhús að Kolugili.
8. **Mál nr. 1603001.** Innkomnar breyttar teikningar af íbúðarhúsinu að Hvammstangabraut 9.
9. **Mál nr. 1506029.** Innkomnar breyttar teikningar af íbúðarhúsi að Breiðabólstað.
10. **Mál nr. 1604055.** Umsókn um stækkun og endurbætur á hesthúsi að Vatnshóli.
11. Fundargerðir afgreiðslufunda byggingarfulltrúa lagðar fram til kynningar: 6. fundur frá 31.3.2016 og 7. fundur frá 14.4.2016.

Tekið á dagsskrá:

12. **Mál nr. 1605010** Umsókn um stofnun lóðar í landi Böðvarshóla.

Afgreiðslur:

1. Breyting á aðalskipulagi við Norðurbraut, vestan sláturhúss.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi austan Norðurbrautar dags. 4.5. 2016 tekið til umfjöllunar. Ína Björk Ársælsdóttir kynnti breytinguna sem felur í sér að 1,2 ha. opnu svæði er breytt í verslunar- og þjónustusvæði vestan við lóð sláturhússins. Lagðar voru fram til kynningar umsagnir vegna aðalskipulagslýsingarinnar sem var auglýst frá 13. apríl 2016 - 27. apríl 2016. Tekið verður tillit til ábendinga sem komu fram. Samþykkt að vísa tillögunni til sveitarstjórnar til samþykktar og að kynna fyrirliðgjandi tillögu í Ráðhúsinu frá 06.05.2016 til 11.05.2016.

Einnig voru lögð fram til kynningar drög dags. 4.5.2016 að breytingu á gildandi deiliskipulagi svæðis vestan við lóð sláturhússins. Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjórum lóðum fyrir byggingar á einni hæð, ætlaðar fyrir verslun og þjónustu. Aðkoma verður annars vegar úr norðri frá aðkomu að Sláturhúsaloð og að sunnan frá Hvammavegi. Samþykkt var að vinna tillöguna áfram í samræmi við ábendingar sem komu fram á fundinum.

2. **Mál nr. 1605002.** Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs Bygðastofnunar sækir f.h. Bygðastofnunar, kt. 450679-0389, um heimild til að breyta flokkun húsnæðisins að Eyrarlandi 1, mhl. 01-0205, í iðnað/gistiaðstöðu/atvinnuhúsnæði.

Skipulags- og umhverfissráð hafnar erindinu með vísan í skilgreiningu svæðisins í gildandi aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014 - 2026 sem er athafnasvæði.

3. **Mál nr. 1605003.** Karl Sigurgeirsson, kt. 121243-4669, sækir f.h. Fasteignafélagsins Borgar ehf, kt. 680998-2059, um að skipta húsinu að Höfðabraut 34 milli óskyldra aðila, gera nýjar akstursdyr og nýjar göngudyr ásamt því að stækka verslunarrými með samsvarandi minnkun á saumastofu. Meðfylgjandi eru teikningar mótt. 29. apríl 2016 nr. ÍSP010 og ÍSP011 frá Bjarna Þór Einarssyni.

Skipulags- og umhverfissráð frestar erindinu.

4. **Mál nr. 1507015.** Innkomnar breyttar teikningar mótt. 29. apríl 2016 nr. 15-12 001- 004 af nýju fjósi að Sólbakka, lnr. 144634, mhl. 23 frá Vigfúsi Halldórssyni, kt. 100760-5849.

Skipulags og umhverfissráð samþykkir innkomnar teikningar.

5. **Mál nr. 1605005.** Bjarni Þór Einarsson, kt. 310348-2449, sækir með ódagsettu erindi fyrir hönd Vilém Cahel, kt. 040861-2629, um leyfi til að byggja við og breyta íbúðarhúsinu að Húnaþraut 4, lnr. 144277. Meðfylgjandi er teikning mótt. 3. maí 2016 nr. 160404 – HB001 frá Bjarna Þór Einarssyni.

Skipulags og umhverfissráð bendir á að grenndarkynna þarf framkvæmdina fyrir íbúum eftirtalinna húsa Húnaþraut 1, 2, 3 og 6 og Lækjargötu 1 og 3 einnig þarf umsögn Minjastofnunar að liggja fyrir. Ráðið frestar erindinu þar til niðurstaða grenndarkynningar og umsögn Minjastofnunar liggur fyrir.

6. **Mál nr. 0909032.** Innkomnar breyttar teikningar mótt. 22. apríl 2016, af íbúðarhúsinu að Ytri Árbakka, lnr. 144447, mhl. 01 og 02. Hönnuður Gísli G. Gunnarsson, kt. 020649-2409. Áður á dagskrá 3. mars sl.

Skipulags og umhverfissráð samþykkir innkomnar teikningar.

7. **Mál nr. 1605009.** Björn Vignir Sigurðsson, kt. 080382-4809, sækir með erindi dags. 04.05.2016 um leyfi til að reisa viðbyggingu við fjárhús að Kolugili, lnr. 144619. Meðfylgjandi eru teikningar mótt. 19. apríl 2016 nr. Kolugil-213-5238 A-01 og A-02. Teiknað af Sæmundi Óskarssyni byggingartæknifræðingi, kt. 180160-3109. Einnig er sótt um að rífa blásaraskúr mhl. 13 sem þarf að víkja fyrir viðbyggingunni.

Skipulags og umhverfissráð frestar erindinu.

8. **Mál nr. 1603001.** Innkomnar reyndarteikningar nr. 16-112 102 mótt. þann 14. apríl 2016 af íbúðarhúsinu að Hvammstangabraut 9. Hönnuður Runólfur Þ. Sigurðsson tæknifræðingur, kt. 090157-2489. Áður á dagskrá 3. mars sl.

Skipulags og umhverfissráð samþykkir reyndarteikningar hússins.

9. **Mál nr. 1506029.** Innkomnar breyttar teikningar nr. 100 og 101 mótt. þann 22. apríl 2016, af íbúðarhúsinu að Breiðabólstað, lnr. 144525, mhl. 10. Hönnuður Ólafur Tage Bjarnason byggingafræðingur, kt. 150482-3489.

Skipulags og umhverfissráð samþykkir innkomnar teikningar.

10. **Mál nr. 1604055.** Halldór Líndal Jósafatsson, kt. 120368-5249, sækir með erindi dags. 22. apríl 2016, um leyfi til að stækka og endurbæta þegar byggt hesthús að Vatnshóli lnr. 144514. Meðfylgjandi er óundirrituð pdf teikning eftir Hauk Ásgeirsson, kt. 301255-4629.

Skipulags og umhverfissráð frestar erindinu.

11. Fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa lagðar fram til kynningar: 6. fundur frá 31.3.2016 og 7. fundur frá 14.4.2016.

Samþykkt að taka á dagsskrá:

12. Mál nr. 1605010 Jón Benedikts Sigurðsson kt. 210188 - 2749 sækir með erindi dags. 04.05.2016 um stofnun lóðar í landi Böðvarshóla lnr. 144527 samkv. meðfylgjandi lóðablaði dags. 25. apríl 2016.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið með fyrirvara um skriflegt samþykki landeiganda

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að afgreiðslur ráðsins jafngilda EKKI byggingarleyfi. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfið þegar öll tilheyrandi gögn hafa borist og sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur staðfest fundargerðina.

Fundargerð upplestin og samþykkt. **Fundi slitið kl. 19.45**

Pétur Arnarsson

Ragnar Smári Helgason

Hallfríður Ósk Ólafsdóttir

Árborg Ragnarsdóttir

Ólafur Jakobsson

Guðjón Þórarinn Loftsson